



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettts 04. júní 2024, fundur hófst kl 20:00.

**Staður:** Fundarherbergi Sprettts

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Hermann Vilmundarson, Haraldur Pétursson, Lárus Sindri Lárusson, Katla Gísladóttir og Davið Áskelsson.

Fjarverandi var: Sigurbjörn Eiríksson

### 1. Áhugamannadeild

Nefnd áhugamannadeildarinnar kom á fundinn og fór yfir hvað gekk vel og hvað mætti betur fara á síðasta ári. Einnig skilaði nefndin uppgjöri sem kom vel út.

Deildin gekk vel, allt friðsælt og engin sérstök uppkoma var í vetur sem snéri að mótauhaldinu. 13 lið sem kepptu og fá öll að halda áfram og það virðist vera áhugi hjá öllum liðum að halda áfram, öll þurfa að sækja aftur um og einnig má reikna með nýjum liðum. Var nefndinni þakkað kærlega fyrir gott starf og framlag til félagsins.

### 2. Fjármál félagsins

Beðið er eftir því að Rafræna reikningaferlið klárist þannig að hægt sé að senda reikninga rafrænt. Mikilvægt er að fá yfirlit yfir sem flesta tekju- og kostnaðarliði félagsins til að geta skipulagt framhaldið. Lárus og Jónína fara í að taka saman.

### 3. Taðkör

Senda þarf út tilkynningu notanda þjónustunnar og benda þeim á að það þurfi að segja henni upp þegar hestar eru teknir af húsi.

Endurskoða þarf þessa þjónustu eftir þetta fyrsta tímabil og taka ákvörðun um framhaldið.

### 4. Kynbótasýningar

Erla Guðný er búin að samþykkja að taka að sér utanumhald með Kynbótasýningum vorsins fyrir hönd Sprettts. Katla verður í samskiptum við Erlu og kallar eftir aðstoð frá stjórnarmönnum. Haukur Hauksson er tilbúinn að taka að sér vallarumsjón.

Senda þarf út tilkynningu á miðla Sprettts.

### 5. Starfshlutfall yfirþjálfara

Starfshlutfall fyrir starf yfirþjálfara var rætt og samþykkt að auglýsa 50% starfshlutfall. Auglýsing verður send út sem fyrst.

### 6. Önnur mál

Umsjón með Veislusalnum rædd, Katla og Hermann taka þetta áfram.

Foreldrafélag leikskóla í efri byggðum Kópavogs óskaði eftir „húsaplássi“ fyrir skemmtun/ Leikhópinn Lottu vegna slæmrar veðurspár, ákveðið að bjóða þeim Hattarvallahöllina . Iðkendastyrkur, Lottópeningar og starfsskýrsla rædd. Katla tekur boltann.

Auglýsa þarf í þriðja sinn úthlutun Hrimnis fatnaðarins.

Stefna á að auglýsa opinn plastgám.

Knapagjafir fyrir Landsmót ræddar, Katla heyrir í Æskulíðsnefnd sem tekur svo málið áfram

Fundi slitið kl. 22:15

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson